

LÖG

um aðgerðir í sjávarútvegi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjárveitingu ársins 1987 vegna endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi skal varið sem hér segir:

- a. Til fiskvinnslufyrirtækja skulu renna 455 m.kr. í hlutfalli við áætlaða uppsöfnun söluskatts í hverri vinnslugrein og í hlutfalli við fob-verðmæti útfluttra sjávarafurða hvers fyrirtækis eftir reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.
- b. Helmingur þeirra 220 m.kr., sem skyldu renna til Fiskeiðasjóðs Íslands á árinu 1987, skal lagður inn á sérstakan bundinn reikning í vörslu sjóðsins. Ráðherra getur að fengnum tillögum sjóðsstjórnar sett reglur um ráðstöfun fjár af þessum reikningi til niðurgreiðslu vaxta vegna stofnfjárlána fiskiskipa.
- c. Til Útflutningsráðs Íslands skulu á árinu 1987 renna 25 m.kr.

2. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað eins og nánar er ákveðið í lögum þessum. Gjaldið rennur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Flytji skip eigin afla á erlendan markað er sá aflí undanþeginn gjaldi skv. 1. mgr.

Gjaldið skal ákveðið sem tiltekin fjárhæð á hvert kíló ísfisks. Sjávarútvegsráðherra skal að fenginni umsögn stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins ákveða með reglugerð fjárhæð gjaldsins til þriggja mánaða í senn og má gjaldið vera mishátt eftir fisktegundum. Við þessa ákvörðun skal taka mið af áætlaðri inngreiðslu til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna útflutnings á botnfiskafurðum miðað við hvert kíló hráefnis samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar.

3. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík hefur eftirlit og yfirumsjón með innheimtu gjalds skv. 2. gr. laga þessara.

Lýsi útflytjandi gjaldskylds ísfisks því skriflega yfir fyrir viðkomandi tollstjóra að fiskurinn sé ætlaður til sölu erlendis fellur gjald skv. 2. gr. í gjalddaga við skil á gjaldeyri vegna sölunnar, þó eigi síðar en þrjátíu dögum eftir brottfarardag flutningsfars. Liggi slík yfirlýsing ekki fyrir við afgreiðslu flutningsfars er gjaldið kræft þegar í stað og er viðkomandi tollstjóra þá óheimilt að afgreiða flutningsfar nema gegn greiðslu gjaldsins.

Viðskiptabanki útflytjanda skal við gjaldeyrisstil halda eftir því gjaldi sem ákveðið er í 3. mgr. 2. gr. laga þessara og skila því til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

4. gr.

Sé gjald skv. 2. gr. laga þessara ekki greitt á gjalddaga skal greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af vangreiddri fjárhæð. Gjaldið nýtur lögtaksréttar. Útflytjandi og eigandi útflutts ísfisks bera óskipta ábyrgð á greiðslu gjalds skv. 2. gr. og getur tollstjórinn í Reykjavík gengið að hvorum þeirra um sig til greiðslu gjaldsins. Tollstjóri getur stöðvað afgreiðslu útflutningsskjala þeirra aðila sem eru í vanskilum með gjald skv. 2. gr. laga þessara.

5. gr.

Gjaldi til Verðjöfnunarsjóðs skv. 2. gr. skal skipt milli deilda sjóðsins í hlutfalli við heildarútflytninghverðmæti botnfiskafurða er undir hverja deild falla á næstliðnu ári.

6. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um innheimtu gjalds til Verðjöfnunarsjóðs, eftirlit með skilum þess og upplýsingaskyldu gjaldskyldra aðila. Honum skal og heimilt að setja fyllri ákvæði um gjaldskyldu og skiptingu innheimts gjalds.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Gjald skv. 2. gr. skal innheimt vegna útflutnings frá og með 15. júlí 1987.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.